

GJALDSKRÁ

um fráveitu- og rotþróargjald í Sveitarfélaginu Ölfusi fyrir árið 2006.

1. gr.

Bæjarstjórn Ölfus er heimilt að leggja á sérstakt holræsagjald (fráveitu- og rotþróargjald) skv. samþykkt um fráveitur fyrir Sveitarfélagið Ölfus nr. 60/2004.

2. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Ölfuss eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs. Holræsagjaldi skal varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu Sveitarfélagsins Ölfuss.

Álagningarstofn holræsagjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa. Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,17% af fasteignamati samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekkert holræsagjald.

3. gr.

Holræsagjald greiðist af skráðum hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsagjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni gjaldskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

4. gr.

Gjalddagar holræsagjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn Ölfuss ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimta holræsagjaldið með fasteignasköttum.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss, staðfestist hér með samkvæmt 25. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Ölfusi, 15. desember 2005.

Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2005